

Bílaleigutrygging Landsbankans

Staðlað upplýsingaskjal um váttryggingu

Vörður tryggingar hf. Borgartúni 19, Reykjavík
Skilmáli F-25

Bílaleigutrygging Landsbankans

Staðlað upplýsingarblað um váttryggingu

Skilmáli F-25

Upplýsingaskjal þetta tilgreinir einungis helstu atriði tryggingarinnar, s.s. hvað er innifalið og hvað ekki. **Ekki** er um að ræða tæmandi upptalningu né persónulegt yfirlit yfir tryggingar sem viðskiptavinir velja. Upplýsingaskjalið hefur ekki lagalega þýðingu og gegnir eingöngu þeim tilgangi að upplýsa viðskiptavini um helstu þætti tryggingarinnar. **Skilmálar** tryggingarinnar hafa að geyma tæmandi upplýsingar um váttryggingarverndina og eru hluti af samningi aðila ásamt váttryggingarskírteini.

Hvernig trygging er Bílaleigutrygging Landsbankans?

Ferðatryggingin verndar korthafa fyrir fjárhagslegum skakkaföllum á ferðalögum. Í tryggingunni er innifalin bílaleigutrygging, kaskó- og ábyrgðartrygging.

Hvað bætir tryggingin?

Kaskótrygging bílaleigubíls

Tjón sem verður á bílaleigubíl þar sem korthafi er skráður aðalökumaður (1 ökumaður) í eigu viðurkennds bílaleigufyrirtækis vegna eftirfarandi atvika:

- Skemmda á ökutækinu sjálfu og eðlilegum aukahlutum þess af völdum eldingar, eldsvoða, sprenginga, árekstrar, áaksturs, veltu eða útafaksturs.
- Vegna þjófnaðar og skemmdaverka á ökutækinu sjálfu.

Viðbótar ábyrgðartrygging bílaleigubíls

Skaðabótakröfur sem kunna að falla á váttryggða, sem nafngreindir eru í bílaleigusamningi, ef krafan fer umfram váttryggingarfjárhæð eða sjálfsábyrgð hennar lögbundnu tryggingar.

Hvað bætir tryggingin ekki?

Kaskótrygging bílaleigubíls

Ef tjón er sem verður á bílaleigubíl þar sem ökumaður er yngri 21 árs eða eldri en 74 ára.

Ef váttryggður hefur ekki réttindi til að aka ökutækinu eða hefur misst réttindi til að aka því.

Tjón vegna kappaksturs, aksturskeppni, reynsluaksturs eða æfinga fyrir slíkan akstur.

Akstur þar sem bannað er að aka ökutæki, akstur utan vega t.d. á túnum, engjum, á ís, yfir óbrúaðar ár eða læki eða um aðrar vegleysur.

Notkun ökutækis sem brýtur í bága við skilmála bílaleigusamnings og ákvæði skilmála.

Skemmdir vegna efnisgalla, hönnunargalla, smíðisgalla, viðgerðargalla eða bilunar ökutækisins.

Tjón vegna eðlilegs slits eða ófullnægjandi viðhalds bílaleigubílsins.

Almennar takmarkanir á bótaskyldu

Undanskildar eru þær áhættur sem bílaleigusamningurinn hefur að geyma.

Bílaleigutrygging Landsbankans

Staðlað upplýsingaskjal um váttryggingu

Vörður tryggingar hf. Borgartúni 19, Reykjavík

Skilmáli F-25

Líkams- og eignartjón þeirra sem tryggðir eru skv. tryggingu þessi.

Skaðabótaúrskurðar í refsingarskyni eða öðrum til varnaðar.

Neinna skuldbindinga sem váttryggður kann að vera gerður ábyrgur fyrir skv. lögum um bætur til verkamanna, vegna atvinnusjúkdóms, atvinnuleysisbóta eða örkubóta eða svipuðum lögum.

Bótaskyldu tryggðs sem beint eða óbeint rís af, á sér stað vegna eða er afleiðing styrjalda, innrásar, athafna erlendra óvina, hernaðaráttaka (hvort sem stríði hefur verið lýst yfir eða ekki), borgarastyrjalda, uppreisnar, byltingar, uppþots, valdatöku hers eða annarra aðila, upptöku eignar eða þjófninga, valdboðskrófu, eyðileggingar eða skemmda á eign af hálfu eða að skipun hvaða ríkisstjórnar eða yfirvalda sem er á landsvísi eða í héraði.

Líkams- eða eignatjón vegna flutninga, geymslu, meðhöndlunar, dreifingar, sölu eða ráðstöfun asbestefna, varnings eða vara sem innihalda asbestefni.

Líkams- eða eignatjón vegna framleiðslu, meðhöndlunar, dreifingar, sölu, beitingar, neyslu eða notkunar einhverra vara sem vitað er að innihalda fjöklórað bifeyli eða sem innihalda afleidd fjöklóruð bifeylifni eða sem í efnaðnaði er almennt vitað að byggja á líkri formúlu eða virkni, án tillits til þess undir hvaða nafni vörurnar eru framleiddar, seldar eða þeim dreift

Tjón sem beint eða óbeint leiðir af bifreiða- og vélaiþróttum eða notkun vélhjóla, hvort sem váttryggður er ökumaður eða farþegi.

Eru einhverjar takmarkanir eða varúðarreglur?

Váttryggðum ber að fylgja varúðarreglum Varðar.

Váttryggðum ber að gæta þess vandlega að fyrirbyggja eftir megni slys.

Hvar gildir tryggingin?

Váttryggingin gildir á á ferðalögum erlendis í allt að 31 dag á 90 daga ferðatímabili. Nánari upplýsingar um gildissvið má finna í skilmála tryggingarinnar.

Hverjar eru helstu skyldur þess tryggða?

Veita allar nauðsynlegar upplýsingar, hvort sem er við endurnýjun, breytingar á tryggingunni eða við tjónstilkynningu.

Tilkynna ber félaginu þegar í stað um slys eða hvers kyns önnur atvik sem kunna að leiða til kröfu á félagið.

Sjúkrareikningar skulu berast innan tólf mánaða frá váttryggingaratburði.

Tilkynna um tjón við fyrsta hentugleika og eigi síðar en innan árs frá tjónsatburði.

Gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að sanna að tjónsatburður hafi átt sér stað. T.d. skal hinn tryggði tilkynna viðeigandi yfirvöldum um þjófnað, rán eða innbrot og fá skýrslu þar um.

Hvenær og hvernig er greitt fyrir trygginguna?

Iðgjald tryggingarinnar er innifalið í árgjaldi kortsins. Váttryggður greiðir því ekki sérstakt iðgjald til Varðar.

Hvenær hefst váttryggingarverndin og hvernig lýkur henni?

Váttryggingin gildir út gildistíma kortsins.

Hvernig er tryggingunni sagt upp?

Þar sem Landsbankinn er váttryggingartaki getur váttryggður, þ.e. korthafi, ekki sagt tryggingunni upp með hefðbundnum hætti.